

Nd.

400. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, og viðauka við þau.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist:

Öll skip og bátar, sem eru í beinni vátryggingu, skulu flokkuð í 3

flokka. Fyrsta flokks skip skulu tryggð alt að $\frac{4}{5}$ virðingarverðs, annars flokks alt að $\frac{2}{3}$ og þriðja flokks alt að $\frac{1}{2}$.

Flokkun annast á hverjum stað skipaskoðunarmenn Samábyrgðarinnar, og skal lögreglustjóri, eða hreppstjóri í hans stað, vera oddamaður. Reglur um flokkunina setur landsstjórnin. Um flokkunina skulu skoðunarmenn gefa vottorð að viðlögðum drengskap.

Flokkunar getur Samábyrgðin krafist á 5 ára fresti, sem og hvert sinn, sem skipi berst á og er bætt.

Kostnað við skoðun á skipi, sem borist hefir á, greiðist að hálfu úr samábyrgðarsjóði.

Að jafnaði skal ekkert dregið frá skaðabótum fyrir spjöll á skipum í beinni váttryggingu.

2. gr.

Í stað »15,000 kr.« í 5. gr. komi:

20,000 kr.

og í stað »5000 kr.« í sömu gr. komi:

10,000 kr.

3. gr.

Síðasta málsgrein í staflíð a. 7. gr.:

»Frá skaðabótum skal ætíð draga 2% o. s. frv. falli burt.

Fyrsta málsg. af staflíð b. »Ef það sannast af skaðabótafjenu« falli burt.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Sjórjettarpróf skal halda um hvers konar tjón, sem bóta er fyrir krafist eftir lögum þessum, nema stjórn Samábyrgðarinnar telji það óþarft, enda sje henni gert viðvart um það með nægilegum fyrirvara.

5. gr.

Aftan við 3. málsgrein 13. gr. komi:

Reikningarnir skulu lagðir fyrir endurskoðunarmenn landsreikninganna.

Í stað 5. málsg. í sömu gr. »Til kostnaðar ... í fyrstu 5 árin« komi:

Til eflingar fjelaginu leggur landssjóður til 5,000 kr. árlega, þar til hrein eign varasjóðs er orðin 50,000 kr.

6. gr.

Tryggingargjöld skulu ákveðin í reglugerð og iðgjaldahæð miðuð við árstíðir. Hámark ársiðgjalds skal eigi fara fram úr 9%, að meðtöldu varasjóðsgjaldi skipsins, og eigi fram úr 6% fyrir tímabilið 1. mars til 15. október.

Framantaldar frumvarpsgreinar færast inn í meginmál laga nr. 54, 30. júlí 1909, er þær hafa öðlast staðfestingu.

Geinargerð.

Þörfin á innlendri tryggingarstofnun fyrir skip í siglingum verður með hverju ári brýnni. Úr henni hefir Samábyrgðin enn eigi getað bætt, nema að nokkru leyti fyrir fiskiskip og ferjur í innanlandssiglingum. Mörg slík skip og bátar eru þó enn í útlendum tryggingum eða allsendis tryggingarlaus, og valda þar mestu um óþjál tryggingarkjör Samábyrgðarinnar. Bæði lög hennar og reglugerðir hafa sætt ítrefuðum andmælum og fælt marga skipaeigendur frá tryggingu.

Framanritaðar frumvarpsgreinar lúta að því að nema helstu agnúana á brautu.

Ad. 1.

Hjer er gert ráð fyrir formlegri flokkun skipa í beinni tryggingu, sem áður hefir verið af handahófi, eftir álití fjelagsstjórnar, og því óvinsæl. Ætti hún að vera jafnt í þágu Samábyrgðarinnar og tryggjanda.

Ad. 2.

Þessar talnabreytingar eru bygðar á fenginni reynslu, og færa út verksvið stofnunarinnar.

Ad. 3.

Hjer er ráðgert að fella á brautu 2 mjög óvinsæl ákvæði úr lögunum frá 1909, um frádrátt á skaðabótum og um það, að láta ábyrgðareiganda gjalda svika og kæruleysis skipstjóra við skipskaða. Þau ákvæði eru óeðlileg og mjög ósanngjarnleg, sjerstaklega þegar flokkun skipa er á komin og mikill hluti er í sjálfsábyrgð.

Ad. 4.

Með breytingunni er sparaður kostnaður við sjórjettarhald, þegar fjelagsstjórnin sjer það fært.

Ad. 5.

Þessi grein virðist eigi þurfa skýringar.

Ad. 6.

Þessi grein setur hámark iðgjalds, sem eigi var áður lög bundið, en þó samkvæmt því, sem venja er og hefir verið. En auk þess eru með henni rýmkuð tryggingarkjörin fyrir sumarmánuðina, sem eftir reglugerð Samábyrgðarinnar frá 1910 hafa verið lakari en vetrartryggingarnar.